



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 9. október 2020

USK2020090102

Borgarráð

Rauðavatn, göngu- og hjólastígar ásamt reiðstígum.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við stígagerð við Rauðavatn. Kostnaðaráætlun 2 er 140 mkr.

Greinargerð:

Verkið felst í því að gera nýja göngu- og hjólastíga ásamt færslu reiðstíga sunnan og austan við Rauðavatn. Stígarnir verða upplýstir með snjallýsingarbúnaði m.t.t. orkusparnaðar og öryggis. Stígagerðin er í samræmi við samþykkt deiliskipulag af svæðinu.

Verkið er hluti af áætlun um að flýta fjárfestingarverkefnum Reykjavíkurborgar með það að markmiði að veita viðspyrnu við atvinnuleysi af völdum COVID-19.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist í nóvember og ljúki í desember 2020.

Kostnaðaráætlun 2: 140 mkr.

Kostnaðarstaður: 3106.

Framkvæmdir mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning

RAUÐAVATN

STÍGAGERÐ

RAUÐAVATN



Reiðstígur



Göngu- og
hjólastígur



RAUÐAVATN

STÍGAGERÐ

Verkið felst í því að gera nýja göngu- og hjólastíga ásamt færslu reiðstíga meðfram Rauðavatni að austan og sunnan. Með því verður umferð gangandi og hjólandi vegfarenda aðskilin frá hestaumferð. Göngu- og hjólastígurinn verður 3ja metra breiður og malbikaður en reiðstígurinn verður 4ra metra breiður með malarslitlagi. Stígarnir verða upplýstir.

- Áætlaður er að framkvæmdir hefjist í nóvember og ljúki í desember.
- Áætlaður heildarkostnaður er 140 mkr (vikmörk áætlunar eru -5% til +15%)

TAKK FYRIR



Umhverfis- og skipulagssvið